

<b>Mættir:</b>	Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lilly Friðgeirsdóttir, María Guðjónsdóttir, Steinþór Jónsson, Anna María Bjarnadóttir, Guðbjörn Sigurmundsson fulltrúi kennara, Hrafn Ágúst Björnsson fulltrúi nemenda, Sigríður H. Hrafnkelsdóttir fulltrúi foreldra
<b>Forfallaðir:</b>	
<b>Staður:</b>	Þjórnarými
<b>Tími:</b>	Kl. 12:00-13:00
<b>Dags.:</b>	21. mars 2018

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	Flosi Eiríksson formaður skólanefndar setti fundinn kl. 12:10.	FE	15 sek.
2.	<b>Ársskýrsla 2017:</b>	MF	32 mín.
	<p>Margrét dreifði ársskýrslu 2017 til fundarmanna (sjá viðhengi), hafði líka verið send rafrænt. Margrét fór yfir helstu atriði skýrslunnar, t.d. hvernig nemendafjöldi hefði lækkað talsvert frá árinu 2007. Einnig hefur orðið talsverð breyting á vinsældum brauta. Vinsældir brauta eins og félagsfræði og bakaraíðnar hafa dalað talsvert á meðan vinsældir matreiðslunámsins hafa aukist talsvert og hafa aldrei fleiri verið skráðir við brautina heldur en núna.</p> <p>Fram kom að vegna styttingu námsins þurfa flestir nemendur að hafa sig alla við til að klára á réttum tíma og því væri mjög æskilegt að geta boðið upp á kennslu fyrir grunnskólanemendur eins og tíðkaðist 2009. MF fór yfir stöðugildi kennara sem hefur dregist nokkuð saman. Fram kom að frekar hallar á karlkyns kennara skólans.</p> <p>Sérstakar aðgerðir eru í gangi til að vinna gegn brottfalli nemenda. Um 30 nemendur á önn sem fá sérstakan stuðning þar sem þeir eru með greindan námsvanda.</p> <p>Skólinn hefur samið sína eigin fjölmenningsstefnu og hefur sérstaklega hugað að hópi nemenda af erlendum uppruna. Svokallað Mentor verkefni, vinnur að því að aðstoða og styðja við nemendur af erlendum uppruna við að aðlagast betur félagslega.</p> <p>Símenntunarmiðstöð er rekin í samstarfi við atvinnulífið; 36 námskeið í gangi með 619 þátttakendum.</p> <p>Einnig tekur skólinn þátt í ýmsu innlendu og erlendu samstarfi.</p> <p>Fram kom að skólinn sér um kennslu í Krísuvík.</p> <p>Fram kom að rekstarstaðan m.v. 13. mars er eftirfarandi: Rekstrarkostnaður 1.328.000.214.- kr. Framlag ríkissjóðs 1.275.682.174.- kr. Sértekjur námu 129 milljónum. Afgangur: 12.9 milljónir. Skólameistari hvatti fundarmenn að lokum til að kynna sér ársskýrsluna.</p>		
3.	<b>Verknámsblað sent á alla 9. bekinga</b>	MF	6 mín.
	MF greindi frá því að verknámsblað hefði verið sent á alla 9. Bekkinga. MK átti 2 greinar í blaðinu. Árið 2020 er stefnt að því að 20% nemenda verði í verknámi. Blaðið er komið á rafrænt form: <a href="https://issuu.com/lailamarkadsstofa/docs/2020_t_marit_2018">https://issuu.com/lailamarkadsstofa/docs/2020_t_marit_2018</a>		
4.	<b>Foreldrarölt</b>	MF	6 mín.

	MF skýrði frá því að samdar hefðu verið leiðbeiningar til foreldra nemenda skólans til að skýra hlutverk foreldraröltisins. Reglurnar hafa hvorki verið staðfestar né farið fyrir fagráð skólans. Þær verða sendar á alla foreldra þegar þær verða tilbúnar. SHH greindi frá því að þátttaka foreldra hefði verið mjög dræm, illa gengi að ná til foreldra og því hefði gengið erfiðlega að manna röltið. Einungis einn sjálfboðaliði hefði boðið sig fram og sá kemur úr röðum foreldrafélagsins.		
<b>5.</b>	<b>Önnur mál</b>	<b>MF</b>	<b>13 mín.</b>
<b>a.</b>	<b>a) Gæðastjórnunarkerfi Menntaskólans:</b>		
	verður sér umfjöllunarefni á fundi skólanefndar. Fagstjóri mun koma og kynna það.		
<b>b.</b>	<b>Endurgreiðsla efnisgjalda til verknámsnemenda:</b>		
	Spurt út í endurgreiðslu efnisgjalda til nema í verknámi. MF svaraði því til að það væri í vinnslu: 1.100 einstaklingar sem áttu rétt á endurgreiðslu.		
<b>c.</b>	<b>Viðburðir á vegum MK að undanfögnu:</b>		
	Verknámskvöld framreiðslu- og matreiðslunema var í síðustu viku þar sem skólanefnd var boðið. Vel heppnað kvöld í alla staði. Frábær matur og frambærilegir nemar. Einnig mættu nokkrir nefndarmenn á leiksýningu MK Hairspray 20. mars og skemmtu sér konunglega. Sérlega mikið lagt í sýninguna að þessu sinni og stóðu þeir nemendur sem komu að sýningunni sig afburða vel.		
<b>d.</b>	<b>Starfsánægja kennara:</b>		
	Spurt úr í aðgerðir til að auka starfsánægju kennara. MF svaraði því að það væri í ferli		
<b>e.</b>	<b>Rekstraráætlun skólans vegna 2018.</b>		
	Rekstraráætlun verður lögð fram á næsta fundi.		
<b>6.</b>	<b>Fundi slitið</b>	<b>FE</b>	<b>15 sek.</b>
	Formaður sleit fundi kl. 12:58		
<b>7.</b>	<b>Kynning á starfsbraut einhverfra í MK.</b>	<b>MF</b>	
	Fundurinn endaði á kynningu fyrir nefndarmenn um starfsbrautina.		

Fundarritari: Anna María Bjarnadóttir